


FALSFRÉTTIR OG UPPLÝSINGAÓREIÐA

í aðdraganda alþingiskosninga

2024



Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Falsfréttir og upplýsingaóreiða í aðdraganda alþingiskosninga 2024

Niðurstöður spurningakönnunar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd

Desember 2024

Fjölmiðlanefnd

Maskína

Umsjón:

Unnur Freyja Víðisdóttir, Haukur Brynjarsson og Skúli B. Geirdal

Helstu niðurstöður - fyrri hluti

62,1%

urðu vör við að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninganna á Íslandi 2024

Fleiri urðu varir við falsfréttir í aðdraganda alþingiskosninga 2024 heldur en 2021

Meira en helmingur þátttakenda, eða 62,1%, sagðist hafa orðið var við það að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninga á Íslandi 2024, sem er fjölgun frá árinu 2021 þegar hlutfallið mældist 46,6%. Kjósendur Flokks fólksins og Sjálfstæðisflokksins voru ólíklegri en kjósendur annarra flokka til að segjast hafa orðið varir við falsfréttir í aðdraganda kosninganna.

Hvar voru falsfréttir?

65,2%	Facebook
31,2%	TikTok
24,7%	Sjónvarp
24,3%	Ritstýrðir netmiðlar
23,6%	X (Twitter)
20,2%	Instagram
19,7%	Óritstýrðir miðlar
18,1%	Útvarp
17,3%	Hlaðvarp

Flestir sögðust hafa séð falsfréttir á Facebook og TikTok

Af þeim sem urðu varir við rangar upplýsingar eða falsfréttir í aðdraganda kosninga sögðust 65,2% þeirra hafa séð þær á Facebook og 31,2% á TikTok. Nærri fjórðungur kvaðst hafa orðið var við þær í sjónvarpi (24,7%), ritstýrðum netmiðlum (24,3%) eða samfélagsmiðlinum X (áður Twitter). Nánast jafnt hlutfall þátttakenda sögðust hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í ritstýrðum prentmiðlum (13,6%) og á Youtube (13,4%). Fæstir sögðust hafa orðið varir við slíkar upplýsingar á samfélagsmiðlinum Snapchat (4,2%) og á samskiptamiðli eins og t.d. Messenger eða WhatsApp (3,5%).

Fjölgar í hópi þeirra sem telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á falsfréttum

Af þeim sem urðu varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninganna sagðist rúmlega helmingur, eða 57,9%, telja að ákveðinn stjórnmálaflokkur hafi borið ábyrgð á þeim, sem er fjölgun frá árinu 2021 þegar hlutfallið mældist 52,2%. Stuðningsmenn Pírata, Sósíalistaflokksins og Samfylkingarinnar voru líklegastir til að taka þá afstöðu en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins ólíklegastir. Þá töldu 48,9% ábyrgðina á upplýsingunum liggja hjá ákveðnum íslenskum hagsmunasamtökum, 46,7% hjá íslenskum stjórnmálamanni og 37,8% hjá íslenskum áhrifavaldi.

57,9%

telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á falsfréttum í aðdraganda kosninganna

Helstu niðurstöður - seinni hluti

Helmingur

treystir fjölmiðlum til að færa þeim réttar upplýsingar og hlutdræga umfjöllun í aðdraganda kosninga

Helmingur treysti því að fjölmiðlar færðu þeim réttar upplýsingar og hlutlæga umfjöllun í aðdraganda kosninga

Rúmlega helmingur þátttakenda, eða 51,9%, kvaðst treysta fjölmiðlum til að færa sér réttar upplýsingar og hlutlæga umfjöllun í fréttáflutningi í tengslum við kosningarnar árið 2024, sem er hækkun frá árinu 2021 þegar hlutfallið mældist 41,4%. Á móti voru færri sem sögðust ekki treysta fjölmiðlum til að færa þeim réttar upplýsingar og hlutlæga umfjöllun í aðdraganda kosninganna árið 2024 (14,3%) heldur en í aðdraganda kosninganna árið 2021 (33,4%).

38,3%

fundu fyrir fréttapreytu og rúm 15% reyndu að **forðast fréttir** dagana fyrir kosningar

38,3% fundu fyrir fréttapreytu dagana í aðdraganda kosninga

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni „Ég finn fyrir fréttapreytu hjá mér sjálfum/sjálfri/sjálfru þessa dagana“, sögðust 38,3% vera annað hvort fremur eða mjög sammála. Alls sögðust 15,4% þátttakenda vera sammála fullyrðingunni „Ég reyni að forðast fréttir þessa dagana“.

Helmingur

hafði mikinn áhuga á stjórnmálum.
Var 31,3% 2022.

Áhugi á stjórnmálum eykst milli ára


Alls sögðust 48,9% þátttakenda hafa annað hvort mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum. Þar af voru 28,3% sem kvaðust hafa mikinn áhuga á þeim og 20,6% mjög mikinn áhuga. Um er að ræða hækkun frá árinu 2022 þegar 31,3% þátttakenda sögðust hafa annað hvort mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum. Karlar (61,3%) voru líklegri til að segjast hafa áhuga á stjórnmálum heldur en konur (35,7%).

Alþingiskosningar 2024

Fleiri urðu varir við falsfréttir í aðdraganda kosninga 2024 heldur en 2021


Meira en helmingur þátttakenda, eða 62,1%, sagðist hafa orðið var við það að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninga á Íslandi 2024 sem er fjölgun frá árinu 2021 þegar hlutfallið mældist 46,6%. Þar af sögðust 12,8% þátttakenda hafa orðið varir við slíkar upplýsingar oft á dag síðustu 30 dagana fyrir kosningar. Þá kváðust 4,8% þátttakenda hafa tekið eftir slíkum upplýsingum einu sinni á dag, á meðan 15,7% þátttakenda sögðust hafa tekið eftir slíkum upplýsingum tvisvar til sex sinnum í viku. 9,9% þátttakenda sögðust hafa tekið eftir falsfréttum eða röngum upplýsingum vikulega í aðdraganda kosninganna og 12,6% tvisvar til þrisvar á síðustu 30 dögum. Hlutfall þátttakenda sem sögðust ekki hafa orðið varir við neinar falsfréttir eða rangar upplýsingar tengdar kosningunum á síðustu 30 dögum fyrir kosningar var 37,9%.

Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú tekið eftir því að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninga á Íslandi 2024 á síðustu dögum?



Kjósendur Flokks fólksins og Sjálfstæðisflokksins ólíklegastir til að sjá falsfréttir

Þátttakendur sem sögðust kjósa Flokk fólksins og Sjálfstæðisflokkinn voru ólíklegastir til að segjast hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninganna; 50,8% af kjósendum Flokks fólksins og 40,3% af kjósendum Sjálfstæðisflokksins kváðust ekki hafa orðið varir við að falsfréttum eða röngum upplýsingum tengdum kosningunum hafi verið beitt í aðdraganda þeirra. Kjósendur Pírata og VG voru líklegastir til að hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninganna en aðeins 28,8% af kjósendum VG og 12,5% af kjósendum Pírata sögðust aldrei hafa orðið varir við slíkar upplýsingar. Meðal þátttakenda voru 14,8% kjósenda Miðflokksins, 13,6% hjá Samfylkingunni, 11,9% hjá Framsóknarflokknum, 10,3% hjá Viðreisn og 5,4% hjá Sósíalistaflokknum sem sögðust hafa tekið eftir falsfréttum eða röngum upplýsingum tengdum kosningunum oft á dag í aðdraganda þeirra.




Karlar verða frekar varir við falsfréttir en konur

Karlar voru líklegri en konur til að segjast hafa tekið eftir falsfréttum eða röngum upplýsingum í aðdraganda kosninganna. 58,8% kvenna sögðust hafa orðið varar við falsfréttir eða rangar upplýsingar á síðustu 30 dögum fyrir kosningarnar, en 65,2% karla sögðust hafa orðið varir við slíkar upplýsingar. Af þeim sem sögðust hafa orðið vör við rangar upplýsingar eða falsfréttir tengdar kosningunum höfðu 14,1% kvenna orðið varar við slíkar upplýsingar oft á dag, samanborið við og 11,5% karla.

Háskólamenntaðir verða frekar varir við falsfréttir

Þátttakendur sem höfðu lokið háskólaprófi voru líklegri en þátttakendur með lægra menntunarstig til að segjast hafa tekið eftir röngum upplýsingum eða falsfréttum sem hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður kosninganna. 68% þátttakenda í þeim hópnum höfðu orðið varir við slíkar upplýsingar samanborið við rúm 41% í hinum tveimur menntunarskólunum. Þó sögðust 16,3% þeirra sem höfðu lokið grunnskólaprófi að þeir hefðu orðið varir við slíkar upplýsingar oft á dag, samanborið við 14,2% sem höfðu lokið háskólaprófi og 9,9% sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi eða iðnmenntun. Þegar litið er til notkunar yfir lengra tímabil kemur í ljós að 86,4% höfðu notað samfélagsmiðil á síðastliðnum 30 dögum til að nálgast fréttir. Í yngsta aldurshópnum (18-29 ára) var hlutfallið hæst þar sem 93,2% höfðu notað samfélagsmiðil á síðastliðnum 30 dögum til að nálgast fréttir.




Flestir sögðust hafa séð falsfréttir á Facebook og TikTok

Af þeim þátttakendum sem urðu varir við rangar upplýsingar eða falsfréttir í aðdraganda kosninganna sögðust 65,2% þeirra hafa séð slíkar upplýsingar á samfélagsmiðlinum Facebook og 31,2% á samfélagsmiðlinum TikTok. 24,7% sögðust hafa séð falsfréttir eða rangar upplýsingar í sjónvarpi, 24,3% á ritstýrðum netmiðlum og 23,6% á samfélagsmiðlinum X (áður Twitter). 20,2% af þeim sem svöruðu sögðust hafa séð rangar upplýsingar eða falsfréttir

á Instagram, 19,7% á óritstýrðum miðlum og 18,1% í útvarpi. Þá sögðust 17,3% þátttakenda hafa orðið varir við slíkar upplýsingar í hlaðvarpi, 13,6% í ritstýrðum prentmiðlum og 13,4% á Youtube. Fæstir sögðust hafa séð slíkar upplýsingar á samfélagsmiðlinum Snapchat (4,2%) og á samskiptamiðli eins og t.d. Messenger eða WhatsApp (3,5%).

Á hvaða miðli sástu falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninga?




Aðeins þeir sem sögðust hafa tekið eftir því að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninga á Íslandi 2024 fengu þessa spurningu. Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika og því eru fleiri svör en svarendur.

Fjölgar í hópi þeirra sem telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á falsfréttum


Af þeim sem sögðust hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninganna sögðust rúmlega helmingur, eða 57,9%, telja að ákveðinn íslenskur stjórnmálaflokkur hafi borið ábyrgð á þeim. Þá töldu 48,9% ábyrgðina á upplýsingunum liggja hjá ákveðnum íslenskum hagsmunasamtökum, 46,7% hjá íslenskum stjórnmálamanni og 37,8% hjá ákveðnum íslenskum áhrifavaldi. 34,5% töldu ákveðinn íslenskan fjölmiðil hafa borið ábyrgð á upplýsingunum og 32,4% töldu ákveðna ungliðahreyfingu íslensks stjórnmálaflokks hafa gert það. Einungis 19% þeirra sem svörðu töldu erlendan aðila hafa borið ábyrgð á upplýsingunum.

Hver af eftirtöldum telur þú að hafi borið ábyrgð á falsfréttum eða röngum upplýsingum?



Aðeins þeir sem sögðust hafa tekið eftir því að falsfréttum eða röngum upplýsingum hafi verið beitt til að hafa áhrif á niðurstöður alþingiskosninga á Íslandi 2024 fengu þessa spurningu. Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika og því eru fleiri svör en svarendur.

Ég treysti fjölmiðlum til að færa mér réttar upplýsingar og hlutlæga umfjöllun í frétttaflutningi í tengslum við kosningar



Traust til fjölmiðla gagnvart réttum upplýsingum og hlutlægri umfjöllun

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru staðhæfingunni „Ég treysti fjölmiðlum til að færa mér réttar upplýsingar og hlutlæga umfjöllun í frétttaflutningi í tengslum við kosningar“. Þannig var rúmur helmingur (51,9%) sammála staðhæfingunni, þar af 8,9% mjög sammála. Þá sögðust 14,9% þátttakenda vera ósammála staðhæfingunni en af þeim sögðust 6,3% vera mjög ósammála. Hlutfall þeirra sem kváðust hvorki sammála né ósammála staðhæfingunni var 33,2%.

		Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Meðaltal (1-5)
Allir		(916) 8,9%	43,0%	33,2%	8,6%	6,3%	3,40
Kyn	Karl	(478) 8,0%	43,8%	34,5%	6,8%	6,9%	3,39
	Kona	(438) 9,9%	42,1%	31,8%	10,5%	5,7%	3,40
Aldur	18-29 ára	(186) 12,3%	42,2%	36,5%	6,6%	2,4%	3,56
	30-39 ára	(196) 8,6%	44,8%	27,2%	10,7%	8,8%	3,34
	40-49 ára	(171) 7,0%	43,6%	35,4%	8,0%	6,0%	3,38
	50-59 ára	(149) 8,0%	38,9%	34,6%	9,9%	8,7%	3,28
	60 ára og eldri	(215) 8,4%	44,3%	33,1%	7,9%	6,3%	3,41
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	Flokk fólksins	(93) 12,4%	34,3%	38,8%	7,8%	6,7%	3,38
	Framsóknarflokkinn	(57) 12,6%	43,6%	33,8%	7,8%	2,2%	3,57
	Miðflokkinn	(69) 8,6%	22,9%	34,8%	10,7%	23,0%	2,83
	Pírata	(46) 3,0%	53,3%	28,2%	11,7%	3,8%	3,40
	Samfylkinguna	(206) 9,9%	53,5%	31,3%	3,8%	1,5%	3,67
	Sjálfstæðisflokkinn	(154) 7,8%	40,6%	31,7%	13,7%	6,2%	3,30
	Sósíalistaflokkinn	(44) 1,6%	54,3%	33,6%	5,6%	4,8%	3,42
	Viðreisn	(116) 13,2%	37,5%	30,6%	11,1%	7,7%	3,38
	VG	(32) 12,5%	68,9%	18,6%			3,94

Mest traust gagnvart réttum upplýsingum og hlutlægri umfjöllun fjölmiðla meðal kjósenda Vinstri grænna

Marktækur munur var á svörum eftir því hvaða stjórnmálaflokk þátttakendur kváðust styðja. Kjósendur Vinstri grænna báru mest traust til fjölmiðla í þessu tilliti, en 81,4% þeirra sögðust vera sammála staðhæfingunni, þar af sögðust 12,5% vera mjög sammála. Kjósendur Miðflokksins voru líklegastir til að segjast vera ósammála en 33,7% þeirra sagðist vera ósammála staðhæfingunni og þar af 23% mjög ósammála.

Kjósendur Sjálfstæðisflokksins ólíklegastir til að telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á falsfréttum

Kjósendur Pírata og Sósíalístaflokksins voru líklegastir til að telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á þeim falsfréttum eða röngu upplýsingum sem þeir urðu varir við en 71,8% kjósenda Sósíalístaflokksins og 76,7% kjósenda Pírata gáfu það svar. Þar næst komu kjósendur Samfylkingarinnar en 69,4% þeirra sögðust telja að stjórnmálaflokkur hafi borið ábyrgð á þeim falsfréttum eða röngu upplýsingum sem þeir urðu varir við. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins voru ólíklegastir til að telja ákveðinn stjórnmálaflokk bera ábyrgð á þeim falsfréttum eða röngum upplýsingum sem þeir urðu varir við í aðdraganda kosninga en einungis 39,5% þeirra gáfu það svar.

		Íslenskur stjórnmálaflokkur	Íslensk hagsmunasamtök	Íslenskur stjórnmálamaður	Íslenskur áhrifavaldur	Íslenskur fjölmiðill	Íslensk ungliðahreyfing stjórnmálaflokks	Erlendur aðili	Annar aðili, hver?
Allir		(441) 57,9%	48,9%	46,7%	37,8%	34,5%	32,4%	19,0%	2,1%
Kyn	Karl	(262) 62,0%	55,8%	45,4%	38,0%	39,1%	37,2%	20,9%	2,2%
	Kona	(179) 52,0%	38,9%	48,7%	37,5%	27,7%	25,4%	16,2%	1,9%
Aldur	18-29 ára	(87) 46,9%	33,6%	65,0%	46,6%	33,1%	38,9%	14,8%	2,8%
	30-39 ára	(99) 64,4%	47,5%	42,1%	42,7%	33,1%	28,1%	20,0%	2,7%
	40-49 ára	(86) 63,4%	55,3%	41,5%	40,9%	28,0%	35,9%	22,6%	0,8%
	50-59 ára	(71) 57,4%	55,2%	44,5%	31,9%	40,9%	32,7%	20,0%	
	60 ára og eldri	(97) 56,8%	54,0%	41,4%	26,4%	38,2%	27,6%	17,8%	3,5%
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	Flokk fólksins	(33) 47,1%	53,5%	43,2%	55,0%	43,5%	37,7%	33,5%	
	Framsóknarflokkinn	(30) 58,3%	50,8%	35,5%	38,6%	18,8%	41,9%	11,7%	3,6%
	Miðflokkinn	(33) 49,9%	50,0%	24,8%	18,9%	51,6%	14,0%	22,4%	
	Pírata	(31) 76,7%	72,6%	59,0%	39,5%	37,6%	56,5%	23,5%	2,7%
	Samfylkinguna	(111) 69,4%	44,3%	46,1%	35,9%	30,9%	37,6%	11,6%	1,6%
	Sjálfstæðisflokkinn	(74) 39,5%	44,4%	34,7%	31,1%	35,7%	17,6%	31,1%	6,2%
	Sósíalístaflokkinn	(28) 71,8%	37,6%	69,1%	49,0%	47,1%	26,1%	13,4%	3,2%
	Viðreisn	(54) 57,3%	48,3%	62,2%	43,2%	28,1%	45,0%	11,7%	
	VG	(14) 45,5%	65,8%	53,4%	38,4%	25,7%	12,7%	11,8%	


Kjósendur Miðflokksins líklegastir til að telja fjölmiðil ábyrgan fyrir falsfréttum

Kjósendur Miðflokksins voru líklegastir til að telja ákveðinn íslenskan fjölmiðil bera ábyrgð á þeim falsfréttum eða röngu upplýsingum sem þeir urðu varir við, en rúmlega helmingur Miðflokksfólks sem sagðist hafa orðið vart við slíkar upplýsingar taldi íslenskan fjölmiðil bera ábyrgð á þeim. Þar á eftir komu kjósendur Sósíalístaflokksins og Flokks fólksins en 47,1% þeirra fyrrnefndu taldi íslenskan fjölmiðil bera ábyrgð á upplýsingunum og 43,5% þeirra síðarnefndu. Af þeim þátttakendum sem kváðust hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninga og töldu íslenskan fjölmiðil bera ábyrgð á þeim voru 60% með heimilistekjur á bilinu milljón til 1.199 þúsund krónur.

Kjósendur Flokks fólksins líklegastir til að telja íslenskan áhrifavald ábyrgan fyrir falsfréttum

Rúmlega helmingur kjósenda Flokks fólksins töldu íslenskan áhrifavald bera ábyrgð á þeim falsfréttum eða röngu upplýsingum sem þeir urðu varir við í aðdraganda kosninganna. Þar á eftir komu kjósendur Sósíalístaflokksins og Viðreisnar en 49% þeirra fyrrnefndu töldu íslenskan áhrifavald bera ábyrgð á upplýsingunum og 43,2% þeirra síðarnefndu. Af þeim þátttakendum sem kváðust hafa orðið varir við falsfréttir eða rangar upplýsingar í aðdraganda kosninga voru yngri svarendur líklegri en þeir eldri til að telja íslenskan áhrifavald ábyrgan.

Telur þú að falsfréttir eða rangar upplýsingar hafi haft mikil eða lítil áhrif á niðurstöður nýafstaðinna alþingiskosninga?




Meirihluti telur falsfréttir og rangar upplýsingar hafa haft lítil áhrif á kosningarnar

Þátttakendur voru spurðir hve mikil eða lítil áhrif þeir töldu falsfréttir eða rangar upplýsingar hafa haft á niðurstöður nýafstaðinna alþingiskosninga. Meirihlutinn, eða 60,1%, töldu slíkar upplýsingar hafa haft annað hvort lítil eða engin áhrif á kosningarnar. Rúmlega fjórðungur (26,8%) taldi falsfréttir eða rangar upplýsingar hafa haft í meðallagi mikil áhrif á niðurstöðurnar. Þá voru einungis 13,2% sem töldu slíkar upplýsingar hafa haft mikil áhrif á niðurstöðurnar, en þar af voru 2,9% sem töldu þær hafa haft mjög mikil áhrif. Þegar svör þátttakenda eru skoðuð með tilliti til aldurs má sjá að fólk í aldurshópnum 30–39 ára var líklegra til að telja falsfréttir eða rangar upplýsingar hafa haft mjög mikil áhrif á niðurstöður kosninganna heldur en fólk í öðrum aldurshópum. Að sama skapi voru kjósendur Pírata líklegri en kjósendur annarra flokka til að telja slíkar upplýsingar hafa haft mjög mikil áhrif á niðurstöðurnar.

			Mjög mikil	Frekar mikil	Í meðallagi	Frekar lítil	Mjög lítil	Engin	Meðaltal (1-5)
Allir		(882)	2,9%	10,2%	26,8%	30,2%	17,6%	12,3%	2,14
Kyn	Karl	(459)	2,7%	9,8%	28,7%	29,3%	16,3%	13,3%	2,14
	Kona	(423)	3,1%	10,8%	24,7%	31,1%	19,0%	11,3%	2,14
Aldur	18-29 ára	(179)	1,0%	11,2%	21,5%	37,6%	19,0%	9,6%	2,08
	30-39 ára	(189)	8,7%	13,4%	24,1%	27,2%	11,3%	15,4%	2,35
	40-49 ára	(161)	1,8%	11,3%	35,1%	29,3%	16,5%	6,1%	2,34
	50-59 ára	(140)	1,6%	6,3%	34,3%	27,3%	19,4%	11,1%	2,10
	60 ára og eldri	(213)	1,2%	8,4%	22,3%	29,1%	21,6%	17,4%	1,87
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	Flokk fólksins	(89)	3,1%	10,1%	25,1%	14,6%	26,9%	20,2%	1,87
	Framsóknarflokkinn	(58)		14,1%	25,8%	28,7%	22,6%	8,8%	2,14
	Miðflokkinn	(67)	4,7%	9,4%	29,4%	28,0%	15,1%	13,5%	2,20
	Pírata	(44)	13,2%	11,0%	31,9%	39,9%	4,1%		2,89
	Samfylkinguna	(207)	0,8%	9,7%	26,5%	41,6%	15,0%	6,3%	2,21
	Sjálfstæðisflokkinn	(145)	3,9%	6,4%	24,1%	24,0%	18,0%	23,6%	1,84
	Sósíalistaflokkinn	(42)	3,5%	18,4%	29,8%	28,0%	8,1%	12,1%	2,45
	Víðreisn	(113)	3,0%	12,5%	30,2%	24,4%	21,4%	8,4%	2,26
	VG	(29)		9,4%	27,4%	50,8%	10,2%	2,2%	2,32

Afstaða til fréttu


Mér finnst flókið að fylgjast með því sem er í fréttum



Fækkar í hópi þeirra sem þykir flókið að fylgjast með því sem er í fréttum

Alls sögðust 15,1% þátttakenda vera annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni „Mér finnst flókið að fylgjast með því sem er í fréttum“, sem er fækkun frá árinu 2022 þegar hlutfallið var 18,7%. Á móti hefur fjölgað í hópi þeirra sem eru annað hvort fremur eða mjög ósammála fullyrðingunni en árið 2022 var hlutfallið 54,7% samanborið við 60,7% árið 2024. Séu niðurstöðurnar skoðaðar með tilliti til kyns kemur í ljós að heldur fleiri konur (19,1%) voru annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni en karlar (11,2%).


Ég held mér upplýstri/upplýstu(m) þótt ég fylgist ekki með fréttum



Helmingur kveðst halda sér upplýstum þrátt fyrir að fylgjast ekki með fréttum

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni „Ég held mér upplýstri/upplýstu(m) þótt ég fylgist ekki með fréttum“ voru 50,1% annað hvort fremur eða mjög sammála sem er lítil breyting frá árinu 2022 þegar hlutfallið var 51,2%. Yngri aldurshópar voru aðeins líklegri til þess að taka þá afstöðu, þar sem að meðaltali 51,5% þátttakenda á aldrinum 18-49 ára voru annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 47,9% þátttakenda á aldrinum 50 ára og eldri.


Ég skoða oft fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en því sem ég aðhyllist sjálf(ur/t)



Færri skoða fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en þeir aðhyllast sjálfir

Alls sögðust 36,2% þátttakenda vera annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni „Ég skoða oft fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en því sem ég aðhyllist sjálf(ur/t)“, sem er fækkun frá árinu 2022 en þá var hlutfallið 41,3%. Á móti sögðust 23,4% þátttakenda vera annað hvort fremur eða mjög ósammála fullyrðingunni sem er fjölgun frá árinu 2022 þegar hlutfallið var 20,2%. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til aldurs kemur í ljós kynslóðabil þar sem yngsti hópurinn (18-29 ára) sker sig úr en 25% í þeim hópi sögðust annað hvort vera fremur eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 33,5% í næsta aldursbili fyrir ofan (30-39 ára). Hlutfallið heldur síðan áfram að hækka með hækkandi aldri en í hópi 60 ára og eldri tóku 43,3% sömu afstöðu. Þá kvaðst nærri helmingur karla (47,1%) vera annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 24,8% kvenna.


Ég skoða oft fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur



Færri skoða oft fréttir um sama umfjöllunarefni á mismunandi miðlum

Rúmur helmingur (57,3%) var annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni „Ég skoða oft fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur“ sem er fækkun frá árinu 2022 en þá var hlutfallið 62,9%. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til menntunarstigs kemur í ljós að þeim mun hærri menntun sem þátttakendur voru með þeim mun líklegri voru þeir til að vera sammála fullyrðingunni. Þannig kváðust 41,5% þeirra þátttakenda sem voru með grunnskólapróf annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 57% þeirra sem voru með framhaldsskólapróf eða iðnmenntun og 66,7% þeirra sem voru með háskólapróf.


Ég kanna alltaf sannleiksgildi fréttanna áður en ég deili þeim með öðrum



Um helmingur kannar alltaf sannleiksgildi fréttu áður en hann deilir þeim með öðrum

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „Ég kanna alltaf sannleiksgildi fréttu áður en ég deili þeim með öðrum“ sagðist rúmlega helmingur, eða 54%, vera annað hvort fremur eða mjög sammála, sem er svipað hlutfall og tók sömu afstöðu árið 2022 (52,8%). Þá sögðust 30,5% í meðallagi sammála fullyrðingunni árið 2024 samanborið við 30,8% árið 2022. Þá fækkaði þeim lítillega milli ára sem sögðust annað hvort fremur eða mjög ósammála fullyrðingunni eða úr 16,4% árið 2022 niður í 15,4% árið 2022.

Ég reyni að forðast fréttir þessa dagana




Rúm 15% reyndu að forðast fréttir dagana fyrir kosningar

Alls sögðust 15,4% þátttakenda vera sammála fullyrðingunni „Ég reyni að forðast fréttir þessa dagana“ en þar af sögðust 10,3% vera fremur sammála henni og 5,1% mjög sammála. Heldur fleiri, eða 20,7%, sögðust vera í meðallagi sammála fullyrðingunni. Meirihluti þátttakenda, eða 63,9%, kvaðst þó ósammála fullyrðingunni en þar af sögðust 39,1% vera fremur ósammála og 24,8% mjög ósammála. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til kyns kemur í ljós að konur voru líklegri til þess að forðast fréttir dagana í aðdraganda kosninga, en 17,5% þeirra sögðust vera annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 13,4% karla. Þá voru kjósendur Miðflokksins (28%), Sósíalistaflokksins (24,3%) og Pírata (19,5%) sömuleiðis líklegri en kjósendur annarra flokka til að taka sömu afstöðu.

		Mjög sammála	Fremur sammála	Í meðallagi	Fremur ósammála	Mjög ósammála	Meðaltal (1-5)
Allir		(929) 5,1%	10,3%	20,7%	39,1%	24,8%	2,32
Kyn	Karl	(477) 4,4%	9,0%	18,7%	40,5%	27,3%	2,23
	Kona	(452) 5,8%	11,7%	22,7%	37,5%	22,2%	2,41
Aldur	18-29 ára	(186) 4,7%	4,3%	19,8%	49,8%	21,4%	2,21
	30-39 ára	(199) 6,6%	11,4%	18,9%	40,8%	22,3%	2,39
	40-49 ára	(170) 6,9%	10,9%	30,1%	32,2%	19,9%	2,53
	50-59 ára	(149) 4,9%	15,8%	19,1%	35,9%	24,3%	2,41
	60 ára og eldri	(225) 2,9%	10,3%	17,0%	35,9%	33,9%	2,12
Menntun	Grunnskólapróf	(190) 4,5%	9,4%	23,8%	40,0%	22,3%	2,34
	Framhaldsskólapróf/lón..	(362) 6,9%	11,7%	21,8%	37,7%	21,9%	2,44
	Háskólapróf	(356) 3,9%	9,7%	16,8%	39,3%	30,2%	2,18
Heimilistekjur	Lægri en 550 þúsund	(146) 7,1%	11,8%	24,1%	34,7%	22,3%	2,47
	550 til 799 þúsund	(107) 11,0%	12,9%	21,3%	34,3%	20,5%	2,60
	800 til 999 þúsund	(99) 4,3%	17,2%	12,8%	40,8%	25,1%	2,35
	Miljón til 1.199 þúsund	(88) 2,7%	10,9%	19,2%	36,7%	30,5%	2,19
	1.200 til 1.599 þúsund	(140) 4,5%	9,2%	15,0%	46,5%	24,8%	2,22
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	1.600 þúsund eða hærri	(194) 2,5%	8,9%	20,0%	39,6%	28,9%	2,17
	Flokk fólksins	(96) 1,6%	12,7%	25,8%	36,4%	23,5%	2,32
	Framsóknarflokkinn	(58) 0,9%	9,4%	30,4%	37,4%	21,8%	2,30
	Miðflokkinn	(70) 9,4%	18,6%	19,9%	33,8%	18,3%	2,67
	Pírata	(46) 11,2%	8,3%	30,7%	40,3%	9,5%	2,71
	Samfylkinguna	(211) 1,9%	10,5%	14,0%	44,6%	29,0%	2,12
	Sjálfstæðisflokkinn	(156) 6,6%	7,1%	15,8%	36,4%	34,1%	2,16
	Sósíalistaflokkinn	(45) 18,8%	5,5%	20,7%	30,1%	24,9%	2,63
	Viðreisn	(117) 1,8%	7,1%	19,9%	48,0%	23,2%	2,16
	VG	(32)	11,2%	28,7%	26,9%	33,3%	2,18

Ég finn fyrir fréttapreytu hjá mér sjálfum/sjálfri/sjálfu þessa dagana




Alls fundu 38,3% fyrir fréttapreytu dagana í aðdraganda kosninga

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni „Ég finn fyrir fréttapreytu hjá mér sjálfum/sjálfri/sjálfu þessa dagana“, sögðust 38,3% vera annað hvort fremur eða mjög sammála fullyrðingunni. Álíka hátt hlutfall, eða 39,1% sagðist vera annað hvort fremur eða mjög ósammála henni. Heldur lægra hlutfall, eða 22,6%, sagðist vera í meðallagi sammála fullyrðingunni. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til kyns kemur í ljós að konur (42,9%) voru líklegri til að finna fyrir fréttapreytu í aðdraganda kosninga heldur en karlar (33,9%). Þegar þær eru skoðaðar með tilliti til aldurs má sjá að þátttakendur á aldrinum 40-59 ára voru líklegri til að finna fyrir fréttapreytu í aðdraganda kosninga heldur en þátttakendur í öðrum aldurshópum. Eins voru kjósendur Framsóknarflokksins, Pírata og Sósíalistaflokksins líklegri en kjósendur annarra flokka til að segjast hafa fundið fyrir fréttapreytu í aðdraganda kosninga.

		Mjög sammála	Fremur sammála	Í meðallagi	Fremur ósammála	Mjög ósammála	Meðaltal (1-5)
Allir		(927) 13,9%	24,4%	22,6%	26,4%	12,7%	3,00
Kyn	Karl	(475) 10,8%	23,1%	21,5%	29,9%	14,7%	2,85
	Kona	(452) 17,1%	25,8%	23,7%	22,7%	10,7%	3,16
Aldur	18-29 ára	(186) 9,4%	30,3%	23,0%	27,5%	9,7%	3,02
	30-39 ára	(199) 16,2%	20,5%	23,6%	26,2%	13,4%	3,00
	40-49 ára	(171) 19,4%	24,0%	23,7%	23,8%	9,1%	3,21
	50-59 ára	(148) 19,5%	22,6%	19,9%	22,7%	15,4%	3,08
	60 ára og eldri	(223) 7,5%	24,4%	22,2%	30,2%	15,6%	2,78
Menntun	Grunnskólapróf	(191) 11,2%	18,4%	27,1%	27,8%	15,5%	2,82
	Framhaldsskólapróf/lönn.	(358) 14,6%	26,1%	17,0%	28,9%	13,3%	3,00
	Háskólapróf	(356) 14,8%	25,7%	24,5%	24,0%	11,0%	3,09
Heimilistekjur	Lægri en 550 þúsund	(145) 16,2%	21,0%	28,8%	22,7%	11,2%	3,08
	550 til 799 þúsund	(105) 18,0%	22,1%	25,3%	22,6%	12,0%	3,11
	800 til 999 þúsund	(99) 18,1%	18,1%	23,3%	30,4%	10,0%	3,04
	Milljón til 1.199 þúsund	(88) 8,7%	22,3%	28,1%	21,0%	19,9%	2,79
	1.200 til 1.599 þúsund	(138) 15,1%	30,4%	10,5%	27,3%	16,7%	3,00
	1.600 þúsund eða hærra	(195) 12,2%	23,8%	19,2%	34,2%	10,7%	2,93
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	Flokk fólksins	(97) 8,7%	24,0%	31,2%	17,1%	19,0%	2,86
	Framsóknarflokkinn	(58) 21,4%	27,4%	25,7%	18,3%	7,2%	3,38
	Miðflokkinn	(71) 17,5%	15,0%	18,0%	40,6%	8,9%	2,91
	Pírata	(46) 20,8%	35,0%	19,8%	12,2%	12,3%	3,40
	Samfylkinguna	(209) 11,3%	25,4%	23,4%	29,6%	10,3%	2,98
	Sjálfstæðisflokkinn	(155) 10,3%	21,0%	18,2%	31,0%	19,5%	2,72
	Sósíalistaflokkinn	(44) 24,8%	20,2%	23,1%	18,0%	14,0%	3,24
	Viðreisn	(117) 10,1%	27,3%	20,4%	31,3%	10,9%	2,95
	VG	(32) 10,6%	31,8%	24,0%	19,9%	13,7%	3,06

Áhugi á stjórnmálum

Telur þú þig hafa mikinn eða lítinn áhuga á stjórnmálum?



Áhugi á stjórnmálum eykst milli ára

Alls sögðust 48,9% þátttakenda hafa annað hvort mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum. Þar af voru 28,3% sem kváðust hafa mikinn áhuga á þeim og 20,6% mjög mikinn áhuga. Um er að ræða hækkun frá árinu 2022 þegar 31,3% þátttakenda sögðust hafa annað hvort mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum. Á móti fækkar þeim milli ára sem segjast annað hvort hafa lítinn eða engan áhuga á stjórnmálum eða úr 47% árið 2022 niður í 43,8% árið 2024. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa nokkurn áhuga á stjórnmálum var 35,7% sem er lækkun frá árinu 2022 þegar hlutfallið mældist 41%. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til kyns þátttakenda má sjá að karlar eru líklegri til að segjast hafa áhuga á stjórnmálum heldur en konur. Þannig voru nærri helmingi fleiri karlar (61,3%) sem sögðust hafa annað hvort mikinn eða mjög mikinn áhuga á stjórnmálum heldur en konur (35,7%). Þá má sjá fylgni milli menntunarstigs þátttakenda og áhuga þeirra á stjórnmálum en þeim mun hærra menntunarstig sem þeir höfðu þeim mun líklegri voru þeir til að hafa áhuga á stjórnmálum. Kjósendur Flokks fólksins voru mun ólíklegri en kjósendur annarra flokka til að segjast hafa áhuga á stjórnmálum.

		Mjög mikinn áhuga	Mikinn áhuga	Nokkurn áhuga	Litinn áhuga	Engan áhuga	Meðaltal (1-5)
Allir		(947) 20,6%	28,3%	35,7%	12,5%	3,0%	3,51
Kyn	Karl	(485) 27,7%	33,6%	30,5%	6,5%	1,7%	3,79
	Kona	(461) 13,0%	22,7%	41,1%	18,8%	4,3%	3,21
Aldur	18-29 ára	(190) 28,5%	18,3%	33,2%	18,6%	1,4%	3,54
	30-39 ára	(200) 24,2%	26,6%	31,0%	11,8%	6,3%	3,51
	40-49 ára	(172) 16,6%	31,2%	37,0%	13,0%	2,3%	3,47
	50-59 ára	(152) 17,0%	26,8%	41,0%	13,2%	2,1%	3,44
	60 ára og eldri	(233) 16,2%	36,8%	37,2%	7,2%	2,6%	3,57
Menntun	Grunnskólapróf	(197) 17,4%	23,6%	36,6%	14,7%	7,7%	3,28
	Framhaldsskólapróf/lón...	(365) 18,2%	28,4%	38,5%	12,0%	2,9%	3,47
	Háskólapróf	(364) 25,4%	30,3%	31,9%	11,8%	0,7%	3,68
Heimilistekjur	Lægrí en 550 þúsund	(147) 14,3%	23,9%	36,5%	12,8%	12,5%	3,15
	550 til 799 þúsund	(109) 12,6%	26,1%	45,2%	14,7%	1,4%	3,34
	800 til 999 þúsund	(100) 24,0%	31,1%	32,0%	11,8%	1,2%	3,65
	Miljón til 1.199 þúsund	(89) 25,4%	23,3%	31,8%	17,9%	1,5%	3,53
	1.200 til 1.599 þúsund	(141) 25,6%	27,4%	30,0%	14,4%	2,6%	3,59
	1.600 þúsund eða hærri	(199) 27,0%	31,7%	34,4%	6,5%	0,3%	3,79
Hvaða flokk myndir þú kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag?	Flokk fólksins	(97) 12,5%	13,0%	37,0%	24,7%	12,7%	2,88
	Framsóknarflokkinn	(60) 17,3%	37,8%	29,8%	15,1%		3,57
	Miðflokkinn	(71) 22,5%	32,9%	38,6%	6,0%		3,72
	Pírata	(47) 24,6%	26,6%	34,8%	14,0%		3,62
	Samfylkinguna	(214) 25,1%	33,2%	33,5%	7,5%	0,6%	3,75
	Sjálfstæðisflokkinn	(158) 31,4%	26,0%	35,5%	5,5%	1,6%	3,80
	Sózialistaflokkinn	(47) 11,2%	47,9%	31,3%	9,5%		3,61
	Viðreisn	(118) 17,9%	31,8%	41,2%	9,0%		3,59
	VG	(32) 21,1%	29,3%	37,8%	11,8%		3,60

Framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu. **Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri.** Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Gagnaöflun fór fram dagana **5. – 11. desember 2024** og voru svarendur **951** talsins.